

Nd.

65. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Flutningsm.: Garðar Þorsteinsson.

Þegar prestssetrið Hvanneyri losnar úr ábúð, er ríkisstjórninni heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað land jarðarinnar, að undanskilinni nægilegri lóð undir prestssetrið og hæfilegum lóðum undir aðrar opinberar byggingar.

Greinargerð.

Frumvörp um sama efni voru lögð fyrir Alþingi 1919, 1921 og 1929. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir verið því mjög fylgjandi, að bærinn eignaðist land þetta, enda mun það nú vera talin sjálfsögð meginregla, að ríkið selji kaupstöðum og kauptúnum jarðeignir þær, sem byggðin er á og næstar liggja byggðinni, þar sem svo er ástætt, að ríkið er eigandinn. — Það virðist því vera sjálf-sagt að heimila ríkisstjórninni að selja Siglufjarðarkaupstað landeignina næst þegar jörðin losnar úr ábúð.